

## 2. Reglugerð um sveitarráð

- 2.1 Sveitarráð skal starfa innan Súlna, björgunarsveitarinnar á Akureyri.
- 2.2 Í sveitarráði eiga sæti formenn allra starfandi flokka sveitarinnar, fulltrúi úr stjórn og nýliðapjálfarar. Fulltrúi stjórnar er formaður sveitarráðs og skal hann boða fundi ráðsins og stjórna þeim. Sveitarráð er ráðgefandi fyrir stjórn um allt sem við kemur innra starfi sveitarinnar og flokkanna. Formenn flokka skulu reglulega skýra frá starfi og áætlunum síns flokks. Sveitarráð skiptir með sér verkum og ber ábyrgð á framkvæmd starfsáætlunar sveitarinnar.
- 2.3 Drög að starfsáætlun Súlna fyrir 12 mánaða tímabil skulu liggja fyrir í lok maí ár hvert. Endanleg starfsáætlun skal svo liggja fyrir á fyrsta sveitarfundi í september ár hvert. Starfsárið telst frá september. Bæði drög og endanlega starfsáætlun skal leggja fyrir stjórn til samþykktar.
- 2.4 Sveitarráði ber að fylgja starfsáætlun eftir með því að útvega leiðbeinendur og fararstjóra, nauðsynlegar gistingar og námskeiðssali o.s.frv.
- 2.5 Leitast skal við að fá fararstjóra til að taka að sér ferðir með góðum fyrirvara og hvetja til þess að ferðir séu vel auglýstar t.d. á vefsíðu, með tölvupósti, með auglýsingum í húsnæði sveitarinnar eða með boðunarkerfi.
- 2.6 Fulltrúi sveitarráðs kynnir starfsáætlun komandi mánuða á hverjum sveitarfundi og skal þá liggja fyrir hverjir eru ábyrgir fyrir hverjum lið á dagskrá. Leitast skal við að fá viðkomandi til að kynna dagskrárliði á fundinum.
- 2.7 Sveitarráði ber að sjá til þess að haldin sé útkallsæfing fyrir alla sveitina á hverju hausti. Eftir æfinguna skal taka saman lærdómspunkta sem ætlað er að laga það sem betur má fara.
- 2.8 Sveitarráð skal fylgjast með námskeiðsframboði hjá Björgunarskólanum og víðar og leitast við að hvetja félagi sveitarinnar til þátttöku í þeim námskeiðum sem þurfa þykir og áhugaverð þykja hverju sinni.